

## Starfskjarastefna Allianz á Íslandi ehf.

### 1. gr.

#### Markmið

Allianz á Íslandi ehf. leggur áherslu á að ráða til sín og hafa í sínum röðum framúrskarandi starfsfólk. Markmið þessarar starfskjarastefnu er að gera starf hjá félaginu að eftirsóknarverðum kosti fyrir hæft starfsfólk og þar með tryggja samkeppnishæfni félagsins, framþróun og arðsemi.

Í starfskjarastefnu felast jafnframt markmið um að traust ríki um stjórn og starfsemi félagsins og að félagið starfi í samræmi við þau viðmið, gildi og viðskiptasiðferði sem eðlilegt er að gildi um félög í opinberri eigu.

Starfskjarastefnan skal stuðla að heilbrigðum rekstri til lengri tíma litið og ekki hvetja til óeðlilegrar áhættusækni. Félagið leggur áherslu á að starfskjör framkvæmdastjóra og annarra starfsmanna séu samkeppnishæf en hófleg og ekki leiðandi. Við ákvörðun um starfskjör skal horft til ábyrgðar og árangurs og gætt að viðurkenndum jafnréttissjónarmiðum.

Í samræmi við 79. gr. a. í lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, skal starfskjarastefna félagsins lögð fram til samþykktar á aðalfundi.

### 2. gr.

#### Starfskjör stjórnarmanna

Stjórnarmönnum skal greidd föst mánaðarleg þóknun í samræmi við ákvörðun aðalfundar ár hvert, svo sem kveðið er á um í 79. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög. Við ákvörðun um fjárhæð þóknunar skal taka mið af þeim tíma sem stjórnarmenn verja til starfans, þeirri ábyrgð sem á þeim hvílir og afkomu félagsins.

Stjórn skal gera tillögu um stjórnarlaun til aðalfundar. Óheimilt er að gera starfslokasamninga við stjórnarmenn.

### 3. gr.

#### Starfskjör framkvæmdastjóra og stjórnenda

Starfskjör framkvæmdastjóra og annarra stjórnenda félagsins skulu vera samkeppnishæf en hófleg og ekki leiðandi.

EKKI skal gera samninga við stjórnendur, sem fela í sér starfslokagreiðslur, umfram skyldur samkvæmt lögum, ráðningarsamningi og í samræmi við viðeigandi kjarasamninga.

### 4. gr.

#### Breytilegir kjarapættir

Félagið skal ekki gera samninga um kaupauka, þ.e. starfskjör sem eru skilgreind með árangri og eru ekki þáttur í föstum starfskjörum, þar sem endanleg fjárhæð liggur ekki fyrir með nákvæmum hætti fyrirfram.

Ef stjórn félagsins hyggst taka upp kaupaukakerfi þarf áður að fá samþykki hluthafafundar.

### 5. gr.

#### Upplýsingagjöf

Félagið skal gera grein fyrir kjörum stjórnarmanna og framkvæmdastjóra í ársskýrslu sinni. Starfskjara-stefnu þessa skal birta á heimasíðu félagsins.

## 6. gr.

### Samþykkt starfskjarastefnu og fleira

Starfskjarastefnan skal tekin til afgreiðslu á aðalfundi félagsins og borin undir fundinn til samþykktar, synjunar eða breytingar. Heimilt er að endurskoða starfskjarastefnuna oftár en árlega og skulu breytingar þá lagðar fyrir hluthafafund til samþykktar. Starfskjarastefnan er leiðbeinandi fyrir félagið og stjórn. Stjórn skal færa til bókar í fundargerðarbók frávik frá starfskjarastefnunni og skulu þau frávik studd greinargóðum rökum. Gera skal grein fyrir frávikum á næsta aðalfundi.

Samþykkt á aðalfundi Allianz þann 5. apríl 2024.